



Yfirlýsing vegna tölvupóstsamskipta Mark Flanagan, fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Indriða H. Þorlákssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, þann 13. og 14. apríl 2009

Nú liggur fyrir að sú ákvörðun var tekin af hálfu stjórnvalda að halda mikilvægum upplýsingum um stöðu Icesave málsins frá opinberri umræðu í aðdraganda síðustu kosninga. Slíktur blekkingaleikur er með öllu óásættanlegur, ber vott um vantraust og vanvirðingu stjórnarflokkanna í garð kjósenda og vegur að grunnstoðum lýðræðisins. Núverandi stjórnarmeirihluti Samfylkingar og VG er því kosinn á fölskum forsendum og í eðlilegu lýðræðisríki, uppvis að þessu, myndi slíkur meirihluti segja af sér. Minnihlutastjórn Samfylkingar og VG fór jafnframt algerlega á bak við Framsóknarflokkinn sem varði þá stjórn falli, meðal annars að því tilskyldu að vera upplýstur um stöðu mála vegna Icesave.

Tölvupóstsamskiptin staðfesta að Bretar og Hollendingar hafa beitt AGS fyrir sig í Icesave deilunni um langa hríð og gagnrýna má þá einfaldni bréfitara að biðja starfsmenn AGS um að tala máli sínu við bresk og hollensk stjórnvöld sem voru á sama tíma sem stórir hluthafar AGS að misnota sjóðinn til að þvinga fram vilja sinn varðandi Icesave. Það er margt sem fram kemur í bréfinu sem útskýrir af hverju sá samningur sem borinn var fyrir þing og þjóð var eins slælega unninn og raun bar vitni.

Beiðni þáverandi ráðuneytisstjóra, sem nú er aðalráðgjafi fjármálaráðherra, um að fulltrúi AGS sendi tölvupóst um málið á einkanetfang sitt utan tölvukerfis stjórnarráðsins stangast auk þess á við ákvæði í lögum og reglum um skjalavörslu ríkisins.

Þingmenn Hreyfingarinnar fordæma þau vinnubrögð sem tölvupóstsamskiptin eru til vitnis um og skora á þá sem ábyrgð bera í málinu að íhuga sína stöðu.

Birgitta Jónsdóttir,
Margrét Tryggvadóttir
og Þór Saari